



FÉLAG NÁMS- &
STARFSRÁÐGJAFNA

AÐALFUNDUR

ÁRSSKÝRSLA OG REKSTRARYFIRLIT

Haldinn í Tæknigarði

28. apríl 2005

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 28. apríl 2005

Dagskrá aðalfundar er skv 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndastörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2. apríl 2004. Á fundinum gaf formaður félagsins ekki kost á sér til endurkjörs auk eins stjórnarmanns og tveggja varamanna. Einn fræðslunefndarfulltrúi gaf kost á sér áfram.

Jónína Kárdal, Háskóla Íslands, var kjörin formaður FNS. Gunnlaug Hartmannsdóttir, Hrafnhildur Tómasdóttir og Inga Þóra Ingadóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Eyrún Valsdóttir var kjörin í stjórn í stað Hrannar Baldursdóttur sem gaf ekki kost á sér.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Jónína Kárdal, formaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, Mími símenntun, varaformaður

Hrafnhildur Tómasdóttir, Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins, meðstjórnandi

Inga Þóra Ingadóttir, Iðnskólanum Hafnarfirði ritari

Eyrún Valsdóttir, Háskólanum í Reykjavík (Tækniháskólanum) gjaldkeri

Guðrún Snorradóttir í Lindaskóla og Arnar Þorsteinsson í Ölduselsskóla gáfu ekki kost á sér til endurkjörs í varastjórn. Í þeirra stað voru kjörnar Þóra Stephensen í Klébergsskóla og Hanna Lilja Jóhannsdóttir, Háskóla Íslands.

Í fræðslunefnd gaf Fjóla María Lárusdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, kost á sér áfram og auk hennar komu ný inn þau Valborg Baldvinsdóttir, Snælandsskóla og Valgeir Bl. Magnússon, Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra. Stjórn FNS og fræðslunefnd kallaði til liðs við sig Þórdísi Guðmundsdóttur, Fjölbrautarskólanum Ármúla og hóf hún störf með fræðslunefnd síðastliðið haust 2004.

Endurskoðendur voru kosnir Þórarinn Þórarinsson og til vara Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gengu Svandís Ingimundardóttir og Hrönn Baldursdóttir ásamt Arnari Þorsteinssyni og Guðrúnu Snorradóttur úr varastjórn. Úr fræðslunefnd gengu Magnea Ingólfssdóttir og Guðrún Kristinsdóttir. Er þeim öllum færðar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt; Gunnlaug Hartmannsdóttir, varaformaður, Hrafnhildur Tómasdóttir, meðstjórnandi, Eyrún Valsdóttir, gjaldkeri og Inga Þóra Ingadóttir, ritari. Þóra Stephensen í varastjórn tók að sér að halda utan um félagatal FNS en það var áður í höndum gjaldkera. Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári

auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd var boðuð á alla stjórnarfundi og varastjórn hvött til að sækja þá einnig. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd var virk í því að nota rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

1. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa.
2. Breyting á reglugerð nr. 5/2001 um starfslið framhaldsskóla og skipulag framhaldsskóla.
3. Greinagerð FNS vegna þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.
4. Kynningar á námi í framhaldsskólum.
5. Kynning á náms- og starfsráðgjöf
6. Siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
7. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
8. Skýrsla frá FNS - norðan heiða
9. Vika Símenntunar
10. Umsagnir um námsefni
11. Kjara- og hagsmunamál (fulltrúar)
12. Félagatal og félagsaðild FNS
13. Fjárreiður og félagsgjöld FNS
14. Samstarf Samtaka iðnaðarins og FNS - (starfshópur)
15. Umsókn til Starfsmenntaráðs vegna þróunar símenntunar náms- og starfsráðgjafa, starfsþjálfunar og handleiðslu
16. Vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum.
17. Styrkir til FNS
18. Styrkur FNS til Lestrarsetursins vegna ráðstefnu
19. Norrænt og alþjóðlegt samstarf
20. Félagsfundir og ýmis verkefni.

Félagsmenn FNS hafa brugðist vel við beiðnum stjórnar um þátttöku í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins:

Björg Kristjánsdóttir, MH, í skólamálanefnd FF

Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, í kjaranefnd FF

Toby Herman, MR, í sjúkrasjóði KÍ

Valborg Baldvinsdóttir, Snælandsskóla, í uppstillingarnefnd FG

Ágústa E. Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla er fulltrúi FNS í nefnd Landlæknisembættisins um varnir gegn sjálfsvígum

Gunnlaug Hartmannsdóttir hjá Mími símenntun, er í vinnuhópi sem stýrt er af Mennt, og fjallar um þróun vottunarkerfis fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Verkefnið er styrkt af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins.

Fulltrúi FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa er:

Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands. Guðrún Stefánsdóttir hefur einnig sinnt þessu starfi undanfarin ár en dró sig til hlés í fyrra. Skýrsla Önnu um norrænt samstarf er hluti ársskýrslu FNS.

Hér fylgir umfjöllun um meginviðfangsefni stjórnar FNS og þess sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa

Fyrirverandi formaður, Svandís Ingimundardóttir og fyrri stjórnir ásamt Toby S. Herman, náms- og starfsráðgjafa MR hafa unnið ótulllega að því að fylgja eftir kröfu FNS um lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa. Haustið 2004 lá fyrir beiðni um fund með menntamálaráðherra. Í lok október fór formaður FNS, Jónína Kárdal, Svandís Ingimundardóttir fyrirverandi formaður FNS og Bjarni R. Kristjánsson, Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar á fund Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og aðstoðarmanns hennar til að ræða kröfu FNS. Menntamálaráðherra fékk

minnisblað í hendur þar sem gerð var grein fyrir ástæðu og mikilvægi lögverndunar á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Menntamálaráðherra velti fyrir sér hvers vegna FNS væri að sækjast eftir lögverndun og ítrekuð voru þau rök að hvarvetna í þjóðfélaginu væri verið að kalla á náms- og starfsráðgjöf og tryggja þyrfti m.a. gæði þessarar þjónustu sem væri veitt í skólakerfinu. Kallar það á sérmenntaða fagaðila sem væru nú þegar til staðar – náms- og starfsráðgjafa. Ekki var komist að neinni niðurstöðu og því miður hafa engin viðbrögð fengist frekar frá menntamálaráðuneytinu. Stjórn FNS hafði áfram þetta mikilvæga málefni á dagskrá sinni og ákveðið var að óska eftir viðtali við félagsmálaráðherra, Árna Magnússon. Kemur það til af þeirri þróun sem hefur orðið á vinnumiðlunum og svæðisvinnumiðlunum þar sem að menntaðir náms- og starfsráðgjafar starfa í samræmi við lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997. Í 10. grein er nefnt að eitt af verkefnum svæðisvinnumiðlana eru að veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun. Einnig er nefnt að atvinnulausir skulu eiga kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi og starfsþjálfun. Hér er kallað á faglega þekkingu sem að náms- og starfsráðgjafar hafa sérþekkingu á. Félagsmálaráðherra brást skjótt við beiðni félagsins og fór formaður FNS á fund félagsmálaráðherra þann 8. desember. Móttökur félagsmálaráðherra voru góðar og undirtektir jákvæðar. Sagðist félagsmálaráðherra vilja vísa þessu áfram til sinna samstarfsmanna innan ráðuneytis og erindinu yrði fylgt eftir þar. Erindi FNS er enn í vinnslu. Stjórn FNS mun áframhaldandi fylgja þessari kröfu eftir, bæði hjá menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

2. Breyting á reglugerð nr. 5/2001 um starfslið framhaldsskóla og skipulag framhaldsskóla

Í rúmlega þrjú ár hefur FNS barist fyrir því að fá fram breytingu á reglugerð nr. 5/2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla þar sem kveðið er á um menntun og reynslu námsráðgjafa. Í september 2004 sendi menntamálaráðuneytið út tilkynningu þar sem vakin er athygli á þessari breytingu.

Fyrsta málsgrein 9. greinar hljóðaði áður svona:

"Skólameistari ræður námsráðgjafa í samráði við skólaneftnd. Námsráðgjafi skal hafa lokið námi í námsráðgjöf frá háskóla og hafa kennsluréttindi eða kennslureynslu á framhaldsskólástigi."

Nú hljóðar 1. mgr. 9. greinar svo:

"Námsráðgjafi skal hafa lokið minnst fjögurra ára háskólanámi með fullgildum lokaprófum og þar af eins árs námi í náms- og starfsráðgjöf."

Hér er því ljóst að það er nám í náms- og starfsráðgjöf sem grundvallar ráðningu í framhaldsskólana, óháð því hvort viðkomandi hefur kennsluréttindi eða reynslu. Formaður FNS sendi bréf til Félags íslenskra framhaldsskóla þar sem að þessum mikilvægu tíðindum var gerð skil og óskað eftir því að þessar breytingar yrðu kynntar.

3. Greinargerð FNS vegna þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum

Á haustmánuðum 2004 hafði Jónína Bjartmarz, alþingismaður, samband við formann FNS vegna áhuga hennar á að koma á framfæri þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum með það að markmiði að vinna gegn brotthvarfi nemenda frá námi. Gísli Baldvinsson, náms- og starfsráðgjafi á Akureyri hafði frumkvæði að því að vekja máls á þessu við Jónínu sem leiddi til þess að hún lagði fram þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar 4. apríl síðastliðinn. Þessum tímamótum ber að fagna - ljóst er að stjórnvöld og alþingismenn eru að sjá betur og betur hversu mikilvægt það er að efla náms- og starfsráðgjöf einstaklingum og þjóðfélaginu til heilla og vonandi leiðir þessi vinna til þess að skýr stefnumótun verði sett fram í náms- og starfsráðgjöf. Fagstétt okkar náms- og starfsráðgjafa hefur yfir að ráða sérþekkingu sem að hér nýtist til fullnustu. Ég vil fá að þakka þeim félagsmönnum sem tóku þátt í þessari forvinnu en þar má nefna Sigríði Dísu Gunnarsdóttur, Þóru Stephensen, Gísla Baldvinsson, Bjarna Kristjánsson og Guðbjörgu Vilhjálmssdóttur ásamt stjórn.

4. Kynningar á námi í framhaldsskólum

Á síðasta aðalfundi FNS lagði Sigrún Ágústsdóttir fram tillögu þess efnis að endurskoða fyrirkomulag kynninga á námsframboði í framhaldsskólum. Sigrún og Sigríður Bílddal skrifuðu bréf til stjórnar FNS í maí 2005 þar sem þær óskuðu eftir því að stjórn FNS ræddi við náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum um hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi kynninga. Formaður FNS ritaði bréf til Félags íslenskra framhaldsskóla þar sem að stjórnendur framhaldsskóla voru hvattir til að endurskoða framkvæmd kynninga fyrir grunnskólanemendur. Lögð yrði áhersla á að kynningar færu fram utan skólatíma til þess að gera foreldrum auðveldara um vik að fylgja börnum sínum eftir. Erindinu var vel tekið og komið á framfæri við skólastjórnendur á framhaldsskólastigi. Vitað er til þess að tekið var tillit til þessara óska og margir framhaldsskólar skipulögðu kynningar sínar út frá þessum forsendum.

5. Kynning á náms- og starfsráðgjöf

Vorið 2004 fóru umsjónarmenn sjónvarpsþáttarins Prófill sem sýndur er á PoPPTÍVÍ þess á leit við tvo náms- og starfsráðgjafa að fjalla um undirbúning prófa og náms- og starfsval. Þetta tókst mjög vel og formaður fór þess á leit við umsjónarmann að bjóða upp á frekari umfjöllun um náms- og starfsráðgjöf í vetrardagskrá þáttarins. Unnin voru þrjú innslæg og voru það náms- og starfsráðgjafarnir Sigríður Hulda Jónsdóttir, Hrafnhildur V. Kjartansdóttir, Guðrún Snorradóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson sem að tóku þátt. Það er skemmst frá því að segja að þetta verkefni heppnaðist mjög vel og mátti m.a. merkja það á fjölda heimsókna á vefsíðu félagsins í kjölfar þessara þátta. Hér gafst mjög gott tækifæri til að kynna störf og verkefni náms- og starfsráðgjafa í fjölmiðli sem að höfðar til ungs fólks.

6. Siðareglur náms- og starfsráðgjafa – starfshópur

Mótun siðaviðmiða/reglna FNS hefur lengi verið í mótun. Fyrstu drögin voru gerð í janúar 2001 af Bryndísi Guðmundsdóttur, Ingibjörgu Þórdísi Þórisdóttur og Lenu M. Rist. Þessir frumherjar studdust m.a. við *Siðferði í starfi námsráðgjafa* sem var lokaverkefni í námsráðgjöf við Háskóla Íslands og unnið af Bryndísi Guðmundsdóttur, Bryndísi S. Guðmundsdóttur og Lenu M. Rist. Þessi tími hefur verið mikilvægur og eðlilegt að mótun siðareglna taki þennan tíma. Siðareglur kennara litu t.a.m. dagsins ljós fyrir aðeins nokkrum árum. Siðanefndin leitaði til Salvarar Nordal hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og taldi hún mikilvægt að félagsmenn tækju virkan þátt í að móta siðareglur félagsins og að þær kæmu ekki ofan frá með beinni fyrirskipun frá t.d. stjórn FNS. Með slíkri vinnu er einnig tryggt að siðareglur félagsins falli að störfum allra félagsmanna, bæði í menntakerfinu og atvinnulífinu. Siðanefnd hefur lagt ríka áherslu á mótun þessara reglna og haft að leiðarljósi að virkja félagsmenn m.a. með því að stýra umræðunni en það er samkvæmt reglum félagsins og tillögum Salvarar.

Verkefni siðanefndar hafa verið fólgin í því að stofna til málstofu, safna upplýsingum og gögnum frá öðrum félögum um siðareglur og móta starfsáætlun til að gera félagsmönnum kleift að vera virkir í þessari vinnu. Takmarkið var að leggja drög að siðareglum fyrir aðalfund 2005. Þar gæfist félagsmönnum tækifæri til að velja þessum drögum fyrir sér, koma með athugasemdir og leggja síðan fullmótaðar siðareglur til samþykktar fyrir aðalfund FNS 2006. Eftir að siðareglur eru mótaðar mun siðanefnd hafa það hlutverk að svara fyrirspurnum, fjalla um siðferðisleg álitamál og gera tillögur um úrbætur sé þess þörf en einnig styðja félagsmenn í því að efla sig í starfi. Siðareglurnar eru því bæði til að styrkja fagvitund félagsmanna og tryggja gæði á störfum þeirra í þágu ráðþega.

Nefndin áætlaði að hittist þrisvar á misseri (sex sinnum á ári) og boða félagsmenn til fundar einu sinni til tvisvar á misseri sem og stofna umræðulista á félagssíðunni. Veturinn 2004- 2005 var stefnt að því að halda tvo fundi fyrir félagsmenn á misseri hverju. Fyrsti fundurinn var fyrirhugaður í október og efni hans að rifja upp það sem áður hafði verið unnið. Átti að fjalla um siðferðismál sem tengjast ráðgjafanum þe.:

- Hvers vegna siðareglur?
- Færni í að greina milli væntinga ráðgjafa og ráðþega
- Gæta hlutleysi
- Viðhorf til starfsfólks
- Fagleg vinna
- Viðhald á þekkingu
- Trúnaður.

Forsendur ráðgjafans

- Menntun
- Hvenær skal vísa frá okkur
- Ekki hagnast á skjólstæðingi
- Upplýsingaskylda
- Upplýst samþykki ráðþega
- Meðferð upplýsinga m.t.t. sérstöðu Íslands, t.a.m. smæðar, en minna þarf til þess að viðmælendur skynji um hvern sé verið að ræða um.

Félagsmenn voru hvattir til að koma með hugmyndir um siðferðismál sem yrðu síðan rædd á fundi í nóvember 2004.

Áætluð skipting verkefna var sem hér segir

- | | | |
|----|------------|------------------------------|
| 1. | haust 2004 | Umfjöllun: Ráðgjafinn |
| 2. | vor 2005 | Umfjöllun: Skjólstæðingurinn |
| 3. | haust 2005 | Umfjöllun: Fagstéttin |
| 4. | vor 2006 | Umfjöllun: Umhverfið |

Þessi umfjöllun vakti ekki mikinn áhuga félagsmann og þátttaka var heldur dræm. Nefndin ákvað því að gera drög að siðareglum fyrir þennan aðalfund og er vonin sú að virkja félagsmenn til umræðu, skrafs og ráðagerða. Jafnframt er það von okkar að fræðslufundur næsta árs fjalli um siðferði.

Siðanefnd FNS. Jónína Kárdal, Arnar Þorsteinsson, Edda Björk Viðarsdóttir, Toby Sigrún Herman

7. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

Á fundi stjórnar FNS í fyrra sumar var samþykkt að beina sjónum að íslensku atvinnulífi með það að markmiði að náms- og starfsráðgjafar fengju innsýn í stöðu atvinnuveganna, nýsköpun í atvinnulífi og framtíðarhorfur. Stjórn FNS taldi þetta vera mjög spennandi viðfangsefni þar sem breytingar á íslensku atvinnulífi hafa átt sér stað á undanförunum árum og nauðsynlegt fyrir náms- og starfsráðgjafa að búa yfir þessari þekkingu til að miðla áfram til ráðþega. Við búum yfir víðtækri þekkingu á sviði námsráðgjafar og nú er lag að öðlast þekkingu sem að tengist starfsráðgjöf.

Af þessu tilefni tók FNS og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar höndum saman og fór af stað með fyrirlestrarröð um íslenskt atvinnulíf og þar var fjallað um stöðu helstu atvinnuveganna á Íslandi og framtíðarhorfur. Fræðslunefnd FNS og Bjarni Kristjánsson hafa haft veg og vanda að skipulagningu þessara fyrirlestrarraðar.

Í boði voru átta fyrirlestrar sem stóðu nú yfir í vetur. Sú nýbreytni var að fundirnir voru haldnir að kvöldi til, kl. 20. Fyrirkomulagið var þannig að fyrirlesari fjallaði um ákveðna atvinnugrein í ca. 30 mínútur og síðan gafst tækifæri til að bera fram spurningar og hafa umræður í aðrar 30 mínútur. Að því loknu gafst félagsmönnum tækifæri á að hittast og ræða málin.

Íslenskt atvinnulíf

Fyrsti fræðslufundur var haldin 14. október. Hann fjallaði um íslenskt atvinnulíf í umsjón Karls Sigurðssonar hjá Vinnumálastofnun.

Í erindinu var fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði síðustu ár, t.d. hvað varðar áhrif breyttra áherslna við hagstjórn, þróun nýrra atvinnugreina og innflutning erlends vinnuafls. Farið var yfir hvaða afleiðingar það hefur haft fyrir þróun atvinnuleysis og samsetningu hóps atvinnulausa. Þá var farið yfir þau úrræði sem Vinnumálastofnun hefur úr að spila til að aðstoða atvinnulausa við atvinnuleit og auka hæfni þeirra á vinnumarkaði, samspil kerfis atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsúræða við önnur tryggingakerfi og hvað menn sjá fyrir sér í þróun þeirra mála.

Íslenskur iðnaður

Fimmtudaginn 25. nóvember fjallaði Ingi Bogi Bogason um samkeppnishæfni íslensks iðnaðar. Samkeppnishæfni iðnaðarins ræðst m.a. af menntun og þjálfun starfsfólks. Hvaða menntun er líkleg til að leiða til góðra og spennandi starfa í iðnaði og hvernig samsvarar þetta aukna framboð þörf iðnaðarins fyrir menntun? Hvert er hlutverk náms- og starfsráðgjafa í þessu sambandi?

Íslenskur landbúnaður

Fimmtudaginn 3. febrúar fjölluðu fulltrúar frá bændasamtökunum um þau starfstækifæri sem íslenskur landbúnaður og ferðapjónusta hafa upp á að bjóða í dag. Innan landbúnaðarins leynast ýmis tækifæri hvað nám og störf varðar. Menntun og reynsla þeirra sem þar starfa er margbreytileg og verkefnið misjöfn. Fjallað var um námsframboð í landbúnaðarskólum, rannsóknir, nýsköpun, atvinnutækifæri, atvinnuhorfur og fleira.

Íslenskur sjávarútvegur

Ármann Kr. Ólafsson tók á móti okkur í Sjávarútvegsráðuneytinu í byrjun mars. Sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum. Breytingar eru margvíslegar bæði hvað varðar fiskveiðistjórnunarkerfið sem slíkt auk þess sem viðskiptaumhverfið hefur tekið örum breytingum. Þessar breytingar kalla á sífellt meiri sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum sjávarútvegsins, en spurningin er; eftir hvernig sérfræðiþekkingu verður kallað í framtíðinni?

Íslenskur fjármálamarkaður

Þann 17. mars fjallaði Sigurður Albert Ármannsson, fræðslu- og kynningarfulltrúi SÍB, um íslenskan bankamarkað og fjármálamarkað en þar hafa miklar breytingar átt sér stað á undanförunum árum. Hvaða áhrif hefur þetta haft á efnahagslífið? Kynning á störfum bankamannsins, kjör og framtíðarhorfur. Einnig var fjallað um sí- og endurmenntun innan bankakerfisins.

Íslenskt atvinnulíf og ESB

Þann 31. mars fjallaði Eiríkur Bergmann um þau áhrif sem stækkun ESB mun hafa á íslenskt atvinnulíf. Við stækkun Evrópusambandsins til tíu nýrra ríkja í mið- og austur Evrópu bætast 75 milljónir manna inn í innri markað Evrópu og að stuttum aðlögunartíma liðnum fær allt þetta fólk atvinnuréttindi alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og þar með talið á Íslandi. Flest þessara ríkja eru mun fátækari en þau sem fyrir eru í ESB og því óttast margir að stækkun valdi of miklum innflytjendastraum vestur yfir landamærin, en aðrir sjá í því mikil tækifæri.

Samtök atvinnulífsins

Þann 12. maí n.k. verður kynnt uppbygging og starfsemi Samtaka atvinnulífsins og fjallað um nokkur af helstu stefnumálum samtakanna sem varða samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Þetta er lokaerindið í fyrirlestraröð vetrarins.

Flestir fyrirlestrarnir voru teknir upp á myndband og upptökurnar settar á heimasíðu félagsins fyrir þá sem ekki sáu sér fært að mæta.

Aðrir fræðslufundir

Fræðslufundur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mími-símenntun

Þann 17. september var kynning á starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og Mímis-símenntunar sem eru til húsa að Grensásvegi 16a.

Aðaláhersla í starfi FA er m.a. að efla framboð á námstilboðum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, en sá hópur er um 40% fólks á vinnumarkaði. FA vinnur að því að fá óformleg námstilboð metin sem og að þróa aðferðir við mat á raunfærni, auka gæði náms og hvetja til náms.

Mímis-símenntun leggur áherslu á að skipuleggja markvissa fræðslu fyrir það fólk á vinnumarkaði sem minnstu menntunina hefur. Í flestum tilfellum er fræðslustarfið skipulagt í samstarfi við stéttarfélög, fræðslusjóði eða fyrirtæki. Landnemar eða nýjrir Íslendingar eru einnig vaxandi hópur viðskiptavina Mímis. Í einu stærsta stéttarfélagi landsins, Eflingu, eru um 12% félagsmanna af erlendu bergi brotnir.

Þær Fjóla María Lárusdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir fjölluðu einnig um samvinnuverkefni ofangreindra aðila sem ber heitið Námsráðgjöf á vinnustað.

Jólafundur

Jólafundur félagsins fór fram í byrjun desember í hátíðlegum húsakynnum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Sigríður Eyþórsdóttir söng nokkur lög við undirleik Birgis Rafns Gíslasonar gítarleikara og Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður las úr bók sinni "Öðruvísi fjölskylda." Börnar voru fram létta veitingar og haft það huggulegt.

Fræðslufundur hjá Mennt

Þann 14. janúar var fræðslufundur hjá Mennt. Þar fór fram kynning á Mennt - fulltrúa samstarfs atvinnulífs og skóla á sviði menntamála. Aðalheiður Jónsdóttir, framkvæmdstjóri, fjallaði um hlutverk Menntar sem felst m.a. í því að vera samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins, skóla á framhalds- og háskólastigi, fyrirtækja og sveitarfélaga, auk annarra sem áhuga hafa á þróun og uppbyggingu menntunar.

Kynningar og námskeið

Í vetur höfðu ýmsir aðilar samband við félagið í því skyni að bjóða félagsmönnum upp á fræðslu. Fræðslunefnd var tengiliður í þessu ferli og sá um að koma á framfæri viðeigandi upplýsingum.

Eftirtaldir aðilar buðu upp á fræðslu:

- Myndlistaskólinn í Reykjavík, kynning.
- Námsmatsstofnun, námskeið um notkun áhugasviðskönnunarinnar Í leit að starfi (SDS).
- Nefnd á vegum Landlæknisembættisins, námskeið um þunglyndi og sjálfsvígisatferli.
- Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, kynning.

Heimasíða FNS

Síðastliðið ár hefur Valgeir Magnússon haft umsjón með heimasíðu félagsins: www.fns.is. Lögð hefur verið áhersla á að setja inn upplýsingar um áhugaverða atburði, fræðslufundi, vefupptökur og myndir sem sýna það starf sem unnið er í félaginu. Uppi eru ýmsar hugmyndir um þróun síðunnar og hvernig gera megi hana sem gagnlegasta fyrir félagsmenn og aðra sem hana skoða.

Námsstefna 2005: Frá skóla til atvinnulífs

Námsstefna ársins er í undirbúningi þar sem settur verður endapunkturinn á þessa fræðsluröð FNS og Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar um íslenskt atvinnulíf. Náms- og starfsráðgjafar í menntakerfinu og atvinnulífinu mun kynna helstu nýjunar í starfsþróun og unnið verður áfram að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf sem síðasta námsstefna lagði grunninn að. Námsstefnan verður haldin dagana 19. og 20. maí í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Fræðslunefnd 2004-2005: Fjóla María Lárusdóttir, Valborg Baldvinsdóttir, Valgeir Bl. Magnússon og Þórdís Guðmundsdóttir

8. Skýrsla frá FNS - norðan heiða

Þessi vetur var að því leyti óvenjulegur að verkföll settu strik í reikninginn í grunnskólunum. Formaður FNS heimsótti félagsmenn s.l. haust og var haldinn fundur í húsnæði Háskólans. Fundarefnið var staða og tilgangur FNS, auk umræðu um lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa. Þá var félagsaðild félagsins innan Kennarasambandsins einnig rædd.

Félagsmenn hafa einnig tekið þátt í fjar- og veffundum um málefni tengt náms- og starfsráðgjöf.

Fyrirhugað var að heimsækja AFE, eða Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, af því varð ekki vegna verkfallsins. Verður það gert síðar.

Þá er fyrirhugað að heimsækja menntasetrið að Laugum í Reykjadal og það skoðað undir leiðsögn Sverris Haraldssonar.

Gísli Baldvinsson, náms- og starfsráðgjafi

9. Vika símenntunar

Gyða Dröfn Tryggvadóttir, verkefnastjóri hjá Mennt, fór þess á leit við Félag náms- og starfsráðgjafa að taka þátt í undirbúningsnefnd vegna Viku símenntunar. Áhersla var lögð á að höfða til ungs fólks og ekki síst þeirra sem hafa að baki stutta skólagöngu. Vika símenntunar stóð yfir dagana 12.-18. september s.l. Laugardaginn 18. september var boðið upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir almenning á sex bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Náms- og starfsráðgjafar á svæðisvinnumiðlunum víða um landið buðu upp á ráðgjöf fyrir almenning á sínum svæðum. Þetta verkefni var styrkt af Samtökum iðnaðarins. Þátttaka almennings var frekar dræm þrátt fyrir góða umfjöllun og kynningu í fjölmiðlum. Þetta var gott framtak og liður í því að gera þjónustu náms- og starfsráðgjafa sýnilegri fyrir almenning.

10. Umsagnir um námsefni

Líkt og undanfarin ár fór menntamálaráðuneytið þess á leit við FNS að gera umsögn um námsefni. Að þessu sinni var gerð umsögn um handbók um dyslexiu. Magnea Ingólfssdóttir náms- og starfsráðgjafi var fengin til umsagnar og sinnti hún því verkefni fagmannlega og eru henni færðar þakkir.

11. Kjara- og hagsmunamál – fulltrúar

Frá Sigrúnu Ágústsdóttur – FG

Þegar aðalfundur var haldinn fyrir ári síðan voru kjaraviðræður í gangi. Guðrún Snorradóttir námsráðgjafi í Lindaskóla og Sigrún Ágústsdóttir námsráðgjafi í Réttarholtsskóla voru í samninganefnd Félags grunnskólakennara sem semur fyrir námsráðgjafa í grunnskólum. Þær gáfu kost á sér á aðalfundi FG 2002 og var Guðrún þá kosin í stjórn, en Sigrún var kjörin varamaður í samninganefnd en tók fljótlega sæti sem aðalmaður í forföllum. Stjórn og samninganefnd annast samningagerð fyrir félagið. Námsráðgjafar eiga ekki neinn fulltrúa í samninganefnd nema einhverjir námsráðgjafar gefi kost á sér og eru þeir þá fulltrúar allra félagsmanna FG en ekki eingöngu námsráðgjafa. Varðandi launakröfur fyrir námsráðgjafa var áhersla lögð á að halda sérstakri röðun með þeirri breytingu að þeir sem eru í hálfu starfi eða meira raðist hærra. Helstu rök námsráðgjafa fyrir launahækkunum voru menntun, álag, ábyrgð, sérhæfing, frumkvæði og stjórnun. Jafnframt var lögð áhersla á að halda vinnutímaskilgreiningu óbreyttri. Samningaviðræður gengu með eindæmum illa fram á sumar og var gert hlé á viðræðum í tvo mánuði yfir sumarið. Í maí fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla um verkfall sem var samþykkt með miklum meirihluta. Í ágúst hófust viðræður á ný og bar mikið í milli þegar verkfall hófst í september. Guðrún fór úr samninganefnd eftir sumarfrí vegna framhaldsnáms. Samningaviðræður stóðu síðan árangurslaust fram í október, en þá var gert hlé á viðræðum í 14 daga meðan atkvæði voru greidd um miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Miðlunartillaga var felld og verkfall hófst á ný þann 9. nóvember. Þann 12. nóvember tilkynnti forsætisráðherra deiluaðilum að lög yrðu sett á verkfallið og voru þau samþykkt á Alþingi 13. nóvember. Höfðu deiluaðilar þá viku til að ganga frá samningi, annars yrði deilan lögð í gerðadóm er taka skyldi mið af launaþróun annarra sambærilegra stétta, en jafnframt var tekið fram að gerðadómur mætti ekki raska samningum á almennum markaði, en þar hafði verið samið um 15,24% til ársloka 2007. Samningur var svo undirritaður 17. nóvember. Þessi samningur var gerður við afar erfiðar aðstæður og var niðurstaða hans all langt frá því sem sett var fram í kröfugerð FG. Nánast ekkert náðist inn fyrir námsráðgjafa sérstaklega ef frá er talin bókun nr. 6. Samkvæmt henni fá námsráðgjafar launaflokk þann 1. ágúst 2005.

Aðrar hækkanir voru þannig: 1. okt. 2004 5,5%, 1. jan. 2005 3%, 1. ágúst 2005 3%, 1. jan 2006 2,5%, 1. jan. 2007 2,25%, 1. ágúst 2007 3,3% og 1. jan. 2008 2,25%. Auk þess var samið um 2% framlag í séreignalífeyrissjóð frá 1. janúar 2005. Hinn 1. ágúst 2005 hækkar launatafla um 9,27% sem svarar um þremur launaflokkum sem færast inn í launatöflu úr launapotti.

Frá Björgu Kristjánsdóttur og Ragnheiði Bóasdóttur – FF

Ragnheiður Bóasdóttir í FÁ og Björg Kristjánsdóttir í MH sátu í samninganefnd FF fyrir hönd FNS. Ragnheiður hefur setið fundi frá áramótum 2003- 2004 en Björg frá haustdögum 2004. Samningaviðræður milli FF og samninganefndar ríkisins hafa farið fram frá því í haust en skriður komst á málín eftir að nýir samningar voru gerðir við Bandalag Háskólanna í febrúar 2005 en samninganefnd FF hafði samning BHM að leiðarljósi í sínum viðræðum við ríkið. Nýi kjarasamningurinn var sérstaklega kynntur á fundi fyrir náms- og starfsráðgjafa þar sem Ragnheiður fór yfir þá liði samningsins sem lúta að náms- og starfsráðgjöf og naut til þess stuðnings Aðalheiðar núverandi formanns FF og Elnu Katrínar fyrrverandi formanns FF. Samningurinn var samþykktur og stofnanasamningur mun taka gildi í maí 2006. Samninganefnd ríkisins felldi niður ákvæði um vinnutíma náms- og starfsráðgjafa sem verið hafði í gildi frá 1995 og höfnuðu alfarið nýjum ákvæðum varðandi vinnutíma. Bókuð voru mótmæli náms- og starfsráðgjafa í samninganefndinni vegna þessara aðgerða samninganefndar ríkisins. FF og FNS munu í sameiningu móta skilgreiningu á vinnutíma náms- og starfsráðgjafa og munu styðja við náms- og starfsráðgjafa við að ná henni fram í framhaldsskólum. Hvað varðar stofnanasamninginn þá er nauðsynlegt að allir

náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum kynni sér vel ákvæði hans, kortleggi starfsþætti sína og beri þá saman við gr. 1.2 og grein 3.2 í viðauka 1. Það er álit flestra félagsmanna KÍ að stofnanasamningurinn muni ekki síður verða líklegri til að skila bætum kjörum en hinn miðlægi. Náms- og starfsráðgjafar þurfa að taka höndum saman og skoða gaumgæfilega á næstu þremur árum hvort við erum á réttri leið og hvaða sóknarfæri muni skila okkur hagstæðustu kjörum. Með hækkanði sól er ástæða til að vera bjartsýn á framtíðina.

Frá Björgu Kristjánsdóttur náms- og starfsráðgjafi MH – skólamálanefnd FF

Umræður um styttingu náms til stúdentsprófs héldu áfram hjá skólamálanefnd FF. Allt bendir til að styttingin verði að veruleika þrátt fyrir hávær mótmæli bæði fagfólks og og nemenda. Það er alveg ljóst að vægi náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum verður meiri við þá breytingu. Annað verkefni skólamálanefndar var að endurskoða, stytta og bæta skýrslu um skólastefnu fyrir framhaldsskóla. Var hún kynnt á 3. aðalfundi FF í febrúar síðastliðinn. Starfsemi náms- og starfsráðgjafa er mun sýnilegri en áður í þessari endurskoðuðu skólastefnu FF.

Erindi frá Þemanefnd KÍ

Á 2. þingi KÍ var samþykkt að stofna til þemanefndar sem grundvallaðist á þema þingsins: “Kennsla, aðlaðandi ævistarf”. Þemanefnd KÍ átti að skila skýrslu til 3. þings KÍ í mars 2005 um starf sitt. Nefndin lagði fyrir ýmsar tillögur um menntun félagsmanna aðildarfélaganna KÍ, það er grunntun, UK-nám, lögverndun starfsréttinda og starfsheita kennara og skólastjórnenda, framhaldsmenntun, sí- og endurmenntun. Þemanefnd ákvað að senda stjórnnum fagfélaga í skólum efnið um menntunarmál félagsmanna aðildarfélaganna til upplýsingar og kynningar. Formaður FNS leitaði álits fulltrúa FNS í skólamálaráði FF og til náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum og skilaði inn athugasemdum sem fólust í ítrekun á menntunarstigi náms- og starfsráðgjafa, að endurmenntun væri í boði fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum og að lögð yrði áhersla á lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa.

12. Félagatal og félagsaðild FNS

Í vetur hefur Þóra Stephensen haft umsjón með félagatali FNS. Skráðir félagar í FNS eru nú 212 talsins. Þrettán nýir félagar gengu í félagið á árinu en tólf manns voru skráðir úr félaginu. Í vetur var gert töluvert átak í að uppfæra félagatalið og geymir það nú vonandi réttar upplýsingar um félagsmenn. Þá var einnig hafin vinna við að flokka félagsmenn eftir vinnustöðum þ.e. þeir sem vinna í grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og svo þeir sem vinna hjá öðrum stofnunum eða fyrirtækjum. Þeirri vinnu er ekki að fullu lokið en þar vantar aðeins lokafrágang. Gera má ráð fyrir að slík flokkun geti varpað einhverju ljósi á þróun og útbreiðslu stéttarinnar með árunum.

13. Fjárreiður og félagsgjöld FNS

Ársreikningur félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2004 er byggður á bókhaldi félagsins.

Rekstrarniðurstaða starfsársins 2004 var jákvæð um kr. 332.313, því hefur peningaleg staða félagsins batnað um sömu fjárhæð. Í árslok var peningaleg staða félagsins kr. 665.003, óinnheimt félagsgjöld 2004 kr. 1.735, óinnheimtur styrkur frá Menntamálaráðuneytinu að fjárhæð kr. 458.370 og ógreiddir reikningar að fjárhæð kr. 122.418.

Í lok ársins 2004 hafa eldri ógreidd félagsgjöld verið að mestu felld niður, aðeins 1 félagsmaður hefur greitt kröfu á árinu 2005 sem tilheyrir fyrra starfsári og hefur verið tekið tillit til þessa í ársreikningnum. Því má áætla að um 168 félagsmenn séu virkir í félaginu. Á árinu 2005 voru sendir út greiðsluseðlar til 86 félagsmanna að auki eru innheimt félagsgjöld af 102 félagsmönnum með boðgreiðslum á greiðslukort viðkomandi félagsmanns. Samkvæmt ákvörðun aðalfundar á árinu 2002 voru félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjöld síðustu tvö ár verið felldir af félagaskrá félagsins, þar sem um óvirka félagsmenn er að ræða. Á síðasta ári voru því 28 félagsmenn felldir af félagatali, en nýskráðir félagsmenn voru 15 talsins.

Eins og á árinu 2004 var ákveðið var að innheimta félagsgjöld 2005 í upphafi árs 2005, með þessu fyrirkomulagi eru félagsgjöld félagsins innheimt áður en gjöld félagsins eru greidd svo síður þurfi að ganga á sjóði félagsins.

Að áliti stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

14. Samstarf Samtaka iðnaðarins og FNS

FNS hefur átt í samstarfi við Samtök iðnaðarins vegna vefsíðunnar idan.is. undanfarið ár. Gerður hefur verið áframhaldandi samstarfssamningur við FNS um að félagið taki að sér að svara spurningum gesta vefseturs Iðunnar, www.idan.is, um nám og störf. Einnig að yfirfara upplýsingar um nám og störf og fjölga náms- og starfslýsingum. Sex náms- og starfsráðgjafar sinna þessari vinnu en K. Katrín Þorgrímsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Hjallaskóla í Kópavogi hefur verið í forsvari fyrir hópnun. Samningurinn rennur út í lok maí 2005 og verður samstarfið þá endurskoðað. Fjöldi fyrirspurna frá upphafi - 169 fyrirspurnir sem skiptast þannig: 106 fyrirspurnir á fyrra tímabili og 63 á seinna tímabili. Þrjár starfslýsingar hafa verið unnar; náms- og starfsráðgjafi, flugfreyja/flugþjónn og lækni og á áætlun er að vinna 15 starfslýsingar til viðbótar á samningstímanum.

Þessi vinna er bæði skemmtileg og gefandi. Fyrirspurnir eru af ýmsum toga og greinilegt er að ungt fólk hefur margt áhugavert að spyrja um. Mest er spurt um iðngreinar eins og hársnyrtiðn, matreiðslu, kökugerð, múraraiðn, framreiðslu og fleira. Einnig er þó nokkuð spurt um hönnun, viðskipta- og hagfræðinám og læknánám. Nokkrir hafa einnig áhuga á hundasnyrtingu og hundþjálfun. Til gamans má geta þess að einn hafði áhuga á námi í apaþjálfun og fékk hann upplýsingar um skóla erlendis sem tengist því. Mikilvægt er fyrir ungt fólk sem er í leit að námi og starfi að hafa greiðan aðgang að nýjum upplýsingum sem bæði auðveldar leitina og gerir þeim kleift að finna nám sem hentar áhugasviði þeirra. Vefsetur Iðunnar er góður stuðningur og auðveldar þá vinnu sem felst í að finna nám og starf við hæfi.

Samtök iðnaðarins sýndu framsýni þegar að Iðan var sett á laggirnir. Samtökin sáu mikilvæg í þess að upplýsingar um nám og störf væru aðgengilegar fyrir almenning auk þess sem að boðið var upp á þá nýjung að hægt væri að leita til náms- og starfsráðgjafa í gegnum vefsetrið. Iðan hefur gagnast náms- og starfsráðgjöfum vel í starfi þar sem að upplýsingagjöf er einn liður í náms- og starfsráðgjöf. Vefsetrið hefur einnig nýst mjög vel í náms- og starfsfræðslu. Félag náms- og starfsráðgjafa leggur áherslu á að áframhald verði á þessari samvinnu.

15. Umsókn til Starfsmenntaráðs vegna þróunar símenntunar náms- og starfsráðgjafa, starfsþjálfunar og handleiðslu

FNS í samstarfi við meistaranám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands sótti um styrk til Starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins vegna þróunar símenntunar náms- og starfsráðgjafa, starfsþjálfunar og handleiðslu. Markmið þessa verkefnis er að efna til samstarfsvettvangs fulltrúa FNS og forsvarsmanna náms í náms- og starfsráðgjöf við HÍ og móta tillögur að nýrri skipan starfsþjálfunar í náminu, handleiðslu og símenntunaráætlun fyrir náms- og starfsráðgjafa. Ljóst er að efling námsins og lenging kallar á aukna áherslu á starfsþjálfun. Á þessum tímamótum gefst því einstakt tækifæri til að móta hluta af fræðsluáætlun FNS sérstaklega í kringum starfsþjálfun og handleiðslu með það að markmiði að gera náms- og starfsráðgjafa að enn öflugri fagaðila og sérfræðinga. Ekki er komið svar við umsókninni en þess er að vænta í maí mánuði.

16. Vettvangsnám fyrir náms og starfsráðgjafa í framhaldsskólum

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara fór þess á leit við FNS að vera í samstarfi vegna vettvangsnáms náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Þetta boð kom mjög óvænt og var ákveðið að taka þessu endurmenntunartilboði. FNS leitaði til Ingveldar Sveinbjörnsdóttir, náms- og starfsráðgjafa við Kvennaskólann í Reykjavík, um að taka að sér umsjón. Helstu markmið vettvangsnámsins eru:

- Að efla þátttakendur í starfi sem sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf.
- Að þátttakendur miðli af reynslu sinni og þekkingu og læri af öðrum.
- Að fjalla um nýja strauma í náms- og starfsráðgjöf og skoða áhrifaríkar aðferðir í náms- og starfsráðgjöf
- Að þátttakendur geti útfært í starfi þær ráðgjafar- og starfsaðferðir sem fjallað verður um og fylgt þeim eftir á starfsvettvangi.

Hér gefst tækifæri til endurmenntunar og er ástæða til að hvetja náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi til að nýta sér þetta endurmenntunartilboð. Umsóknarfrestur er til 1. maí n.k. Þetta gefur einnig tilefni til að skoða möguleika til endurmenntunar fyrir aðra félagsmenn.

17. Styrkir til FNS

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara veitti FNS styrk að upphæð kr. 200.000 fyrir námsstefnu vorsins – Náms- og starfsráðgjöf: frá skóla til atvinnulífs. Einnig er von á styrk frá Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands og Vinnumálastofnun vegna þessa verkefnis. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar mun koma til með að styrkja námsstefnuna jafnframt því að hafa styrkt og stutt við FNS vegna fyrirlestraraðar um íslenskt atvinnulíf.

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytisins, sem endurnýjaður er árlega, leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir tveimur mánaðarlaunum samkvæmt launaflokki B09 3. þrepi. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins og sinnt þeim umsögnum um námsefnisgerð.

Formaður FNS hlaut styrk frá samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara til að sækja ráðstefnu í Bandaríkjunum. Þessi styrkur er úthlutaður formönnum fagfélaga og gott að vita af þessum möguleika í framtíðinni.

Öllum þessum aðilum er hafa styrkt faglegt starf FNS eru færðar kærar þakkir.

18. Styrkur FNS til Lestrarsetursins vegna ráðstefnu

Rannveig Lund, sérfræðingur í lestri og ritun, leitaði eftir stuðningi FNS við ráðstefnu Lestrarsetursins um lestur og mál, rannsóknir og kennslu. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Félag íslenskra sérkennara, ReykjavíkurAkademíunnar, Námsgagnastofnun og Hagþenki. Stjórn FNS samþykkti að styrkja Lestrarsetrið um kr. 50.000. Fulltrúa FNS var boðið að sitja ráðstefnuna sem fór fram í janúar á þessu ári og sótti Valborg Baldvinsdóttir ráðstefnuna fyrir hönd FNS. Að mati Valborgar var ráðstefnan góð og fyrirlestrar áhugaverðir.

19. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Fulltrúi Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn Norrænna náms- og starfsráðgjafa NSNS er Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi við Kennaraháskóla Íslands. Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúum ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Skýrsla fulltrúa

Fulltrúar Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn Norræna náms- og starfsráðgjafa NSNS eru: Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands og Guðrún Stefánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi.

Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúa ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Tveir fundir voru haldnir á árinu 2004. Annar í Danmörku og hinn fjarfundur á neti.

Ársfundur var haldinn í Hundested í Danmörku 24. apríl. Fulltrúar allra norðurlanda mættu á fundinn. Helstu niðurstöður fundarins voru þær að fela Dönnum undirbúning að ráðstefnunni 2006. Fjallað var um að bjóða til ráðstefnu í Lillehammer í Noregi (ráðstefnan var ekki haldin vegna fámennis). Einnig var rætt um fjármál samtakanna og umræður eru hafna um hvort Álandseyjar og Færeyjar vilja sækja um fulla aðild. Töluverð umræða var um heimasíðu samtakanna www.nfsy.org.

Ársfundur Norrænu náms- og starfsráðgjafasamtakana NFSY (Norræn samtök náms- og starfsráðgjafa NSNS) var haldinn þann 9. apríl síðastliðinn í Stokkholmi

Finnar hafa verið í forsvari samtakanna síðastliðin þrjú ár og var þetta síðasti fundur þeirra en Svíar undir forystu Karenar Aspelund taka við.

Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf þar sem fulltrúar hvers lands gerðu grein fyrir starfsemi félaga sinna árið 2003-2004 undanskildir Danir og fulltrúar Álandseyja sem ekki mættu á fundinn.

Á fundinum var rætt um hver ætti að verða fulltrúi Norðurlanda í stjórn alþjóðasamtakanna IAEVG og var leitað til Mr. Raimo Vuorinen, Institute for Educational Research, Jyväskylä University, Finland til að taka við af Pétri Plant. Haft var samband við Raimosem sem þakkaði traustið og sagði já.

Samþykkt var á fundinum að kanna hvaða rannsóknir hefðu verið framkvæmdar á sviði náms- og starfsráðgjafar á Norðurlöndum og búa til í kjölfarið til Norrænan gagnabanka þar sem finna má rannsóknir á þessu sviði.

Áhersla skal lögð á að skoða og efla tengsl við Baltnesku löndin og kannað hvort að NFSY geti aðstoðað betur við að koma á kerfi náms- og starfsráðgjafar þar.

Næsti fundur var ákveðinn 7. sept - netfundur

Undirbúningur ráðstefunnar sem halda á **23.-25 ágúst 2006** í Kaupmannahöfn gengur vel. Sjá www.iaevgconference2006.dk

Lagt er til að haldinn verði ráðstefna á Gautlandi (eyja í Eystrasalti) árið 2007.

Fulltrúi stjórnar, Anna Sigurðardóttir í samtökum Norræna ráðgjafa er tilbúinn til að halda starfinu áfram og leggur áherslu á virka þátttöku í undirbúningi að komandi ráðstefnum.

Formaður FNS hefur farið þess á leit við Gunnlaugu Hartmannsdóttur að taka sæti Guðrúnar Stefánsdóttur í stjórn norrænu samtaka náms- og starfsráðgjafa. Formaður FNS átti þess kost að sækja aðalfund norrænu samtakanna í vor og leggur áherslu á mikilvægi þess að FNS taki þátt í samnorrænu samstarfi og umræðu um náms- og starfsráðgjöf.

Erlendir gestir og heimsóknir

Formaður FNS hefur tekið á móti góðum gestum erlendis frá og er helst að nefna komu þriggja breskra ráðgjafa til landsins á vegum Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar auk ráðgjafa frá Austurríki. Formaður ræddi einnig við hóp sem kom til landsins sem tók þátt í Akademiuverkefni og kynnti náms- og starfsráðgjöf á Íslandi auk starfsemi félagsins. Janet Lentz og Bob Reardon frá Florida State University komu til Íslands á vegum Námsmatsstofnunar til að kynna áhugasviðskönnunina *Í leit að starfi*. Formaður átti ánægjulega kvöldstund með þeim og málefni

fagstéttarinnar voru rædd. Þess má geta að Janet Lentz er formaður National Career Development Association í Bandaríkjunum.

Leonardo mannaskiptaáætlun

Stjórn FNS ákvað að sækja um til Landsskrifstofu Leonardó vegna mannaskiptaverkefnis. Enginn maður er eyland og að mati stjórnar FNS er nauðsynlegt að félagsmenn fái tækifæri til að kynna framkvæmd og stöðu náms- og starfsráðgjöf erlendis. Með mannaskiptaverkefnum gefst tækifæri til að koma á tengslum við kollega erlendis og góð umræða getur skapast sem að skilar sér svo heim til Íslands. Margir félagsmenn FNS sýndu áhuga á að taka þátt og því var ákveðið að skila inn umsókn og óska eftir styrk fyrir sextán náms- og starfsráðgjafa. Aðsókn að mannaskiptaverkefni Leonardo var mikil í ár og það er ánægjulegt frá því að segja að FNS hlaut jákvæðar viðtökur sem er mjög gleðilegt í ljósi aðsóknar í mannaskiptaverkefni Leonardó. FNS hefur verið úthlutað styrk að upphæð 8.480 evrum fyrir átta náms- og starfsráðgjafa í kynnisferðir til nokkurra Evrópulanda. Þetta er afar ánægjuleg niðurstaða og hefst nú undirbúningsvinna og frekari kynning á þessu verkefni innan FNS sem hefst væntanlega með haustinu. Ástæða er til að huga að annarri umsókn í mannaskiptaverkefni Leonardó en næsti umsóknarfrestur er á haustmánuðum.

20. Félagsfundir og önnur verkefni

Hlutverk formanns og stjórnar FNS er umfangsmikið og ýmis erindi berast. Beiðnir koma fram um þátttöku í nefndum og ýmislegt samráð og ekki síst að veita upplýsingar um starfsemi félagsins, umfang og starfsvettvang náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Þarna gefast mikil tækifæri fyrir félagið til að kynna fagstéttina og tala máli hennar á ýmsum vígstöðvum.

Tveir almennir félagsfundir voru haldnir í vetur auk fundar um kjaramál náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Það má segja að verkfall í grunnskólum hafi haft áhrif á starfsemi félagsins í vetur, þar sem stór hluti félagsmanna var í verkfalli og kjaramál því eðlilega ofarlega á baugi. Bóðað var til fundar með náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum í desember að loknu verkfalli til að ræða um stöðu mála, bæði hjá náms- og starfsráðgjöfum og nemendum.

Umboðsmaður barna bóðaði forsvarsmenn FNS til fundar í nóvember til að ræða stöðu nemenda í grunnskólum og hugsanleg áhrif verkfalls kennara á líðan þeirra og námsgengi þeirra. Fundurinn var upplýsandi og FNS kom á framfæri hugmyndum um að embætti umboðsmann barna gerði könnun á líðan nemenda.

Menntamálaráðuneytið hafði frumkvæði að því að bóða til fundar við FNS um stöðu mála hjá grunnskólanemendum. Formaður og varaformaður sóttu tvo fundi þar sem ræddir voru möguleikar þess að styrkja náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, auka veg náms- og starfsfræðslu og knýja á um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Fyrirliggjandi er áframhaldandi samstarf þar sem unnið verður áfram með hugmyndir sem fram hafa komið t.d. um kynningu á námi á framhaldsskólastigi og iðn- og starfsmenntun.

Lokaorð

Nú er 24. starfsári Félag náms- og starfsráðgjafa að ljúka. Árið hefur svo sannarlega verið viðburðarríkt, fjölbreytt og krefjandi. Mörg aðkallandi verkefni bíða. Má nefna þróun starfsviðmiða, siðareglna og sí- og endurmenntunar félaga í FNS. Unnið hefur verið að því að skerpa faglega ímynd okkar og tækifæri hafa gefist til að láta rödd náms- og starfsráðgjafa hljóma. Gleggsta merki þess er þingsályktunartillaga Jónínu Bjartmarz og annara þingmanna um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Ekki er nóg að fylgja eftir málum innan menntakerfisins heldur nauðsynlegt að efla umræðuna almennt í þjóðfélaginu. Mikilvægt er að auka aðgengi almennings að náms- og starfsráðgjöf. Náms- og starfsráðgjöf þarf að ná til allra þjóðfélagshópa og getur verið öflugt tæki til að auka þátttöku í sí- og endurmenntun. Starfsemi félagsins í vetur hefur tekið mið af þessu og er fyrirlestrarröðin um íslenskt atvinnulíf og námsstefna vorsins liður í því að efla fagmennsku okkar í starfi og auka þekkingu og víðsýni náms- og starfsráðgjafans.

Það er gleði hvers formanns að sitja með góðri stjórn. Mikil og góð reynsla safnast saman í gegnum stjórnarsamstarf og mikilvægt að sú reynsla skili sér áfram. Stjórn vinnur ekki í tómarúmi og mikilvægt er að félagsmenn taki virkan þátt í starfsemi félagsins. Stjórn fagfélags þarf sífellt að geta leitað álits og stuðnings félagsmanna. Vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim er lagt hafa stjórninni lið við úrlausn verkefna á vegum FNS.

Framundan er afmælisár - Félag náms- og starfsráðgjafa verður 25 ára á næsta ári, 2006. Það er markmið stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa að halda veglega upp á þau tímamót.

Með þökk fyrir samstarfið!

Reykjavík 27. apríl 2005

Jónína Kárdal

formaður Félags náms- og starfsráðgjafa